

M-60/2018. Álit 5. október 2018.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 5. október 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-60/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 7. ágúst 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á gleri af Y, hér eftir nefndur seljandi.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt gler af seljanda. Hann hafi fengið póst frá seljanda um að glerið væri tilbúið til afhendingar þann 3. júlí sl. og að krafa hafi verið stofnuð í heimabanka hans til greiðslu á 56.754 kr. sem greiða hafi átt innan 10 daga. Jafnframt kom fram að eftir 10 daga leggist geymslugjald við reikninginn. Álitsbeiðandi segir að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi hann ekki fengið svör við póstum sem hann sendi seljanda á tímabilinu frá 16.-27. júlí. Þann 1. ágúst hafi hann hringt og í kjölfarið hafi glerið verið sent til hans á Seyðisfirði. Virðist álitsbeiðandi ósáttur við álagningu geymslugjalds en í álitsbeiðni koma engar eiginlegar kröfur fram.

Hinn 14. ágúst 2018 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir gögnum til stuðnings kröfu álitsbeiðanda, s.s. reikningum og afritum af samskiptum við seljanda. Einnig var óskað eftir því að álitsbeiðandi gerði nánari grein fyrir kröfu sinni.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

IV
Álitsorð

Álitsbeiðni álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson